



Starfhópur um sjávarútveg að störfum á ellefta landsfundi Samtaka um kvennalista. DV-mynd Örn Þórarinsson.

DV-8.11.193 Landsfundur Samtaka um kvennalista:

Jeppakarlarnir hlustuðu ekki á okkur

Örn Þórarinsson, DV, Fljótum:

„Við kvennalistakonur bentum á það fyrir nokkrum árum að brýnt væri að efla margvíslega smáiðnaðarstarfsemi í landinu. Karlarnir hlustuðu ekki á okkur og það var nánast hlegið að þessum tillögum,“ sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir alþingiskona þegar hún fjallaði um atvinnumál á landsfundi Samtaka um kvennalista. Þessi ellefti landsfundur var haldinn að Löngumýri í Skagafirði frá föstudegi til sunnudags.

„Við höldum áfram að benda á smáiðnaðinn sem atvinnuskapandi leið þrátt fyrir lítinn skilning flestra ráðamanna. Nú opnum við varla blað eða útvarp án þess að þar sé fjallað um einhvern smáiðnað sem komið hefur verið á fót eða verið er að byggja upp. Nú vilja líka allir ólmir eigna sér okkar tillögur og hugmyndir.

Þrátt fyrir það er smánarlega litlu fjármagni varið til þessara mála. Hugsio ykkur bara þessar 30 milljónir sem úthlutað hefur verið úr þremur sjóðum, það er Framleiðnisjóði,

Jóhannusjóði og smáiðnaðarsjóði iðnaðarráðuneytisins en á sama tíma hafa jeppakarlarnir í bönkunum afskrifað um 10 milljarða vegna tapaðra útlána í bankakerfinu, mest vegna mislukkaðra lánveitinga til fyrirtækja sem mörg hver voru vonlaus frá upphafi.“

Ingibjörg Sólrún lét þung orð falla um þá sem stjórnað hafa bankakerfinu á undanförunum árum og bætti við. „Þrátt fyrir þessar miklu afskriftir virðast karlar ekkert hafa lært, þeir forsmá reynslu kvenna enn sem komið er.“